# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
## ALMANNAVARNA

# Menntaskólinn á Ísafirði

**Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans**

**Sóttvarnalæknir**

**Menntamálaráðuneyti**

# Efnisyfirlit

***1. Inngangur að viðbragðsáætlun ... 3***

***2. Heimsfaraldur inflúensu ... 4***

***3. Háskastig almannavarna ... 5***

***4. Virkjun viðbragðsáætlana skóla ... 9***

***5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans ... 10***

***6. Starfssvæði skólans og umfang ... 15***

***7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs ... 18***

***8. Viðbragðsáætlun –Menntaskólans á Ísafirði við heimsfaraldri inflúensu ... 20***

***9. Kort og teikningar ... 27***

***10. Dreifingarlisti ... 28***

***11. Breytingasaga ... 29***

# 1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í *Menntaskólanum á Ísafirði* í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars studdst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.

Viðbragðsáætlanir skóla hafa samræmda uppbyggingu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum *skólameistara Menntaskólans á Ísafirði.* Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólögráða nemenda. Hún er aðgengileg á www.misa.is.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Ísafirði, 4. september 2009

Jón Reynir Sigurvinsson,
skólameistari

## 2. Heimsfaraldur inflúensu

**Saga heimsfaraldra inflúensu**

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrír heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin en talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir 1918. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuheiði og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

Þar sem að fyrri faraldrar hafa riðið yfir á um 40 ára fresti og síðasti faraldur geisaði fyrir 40 árum hefur verið búist við nýjum faraldri í nokkurn tíma. Í apríl greindist nýr stofn inflúensuveiru í mönnum (H1N1) í Mexíkó og Bandaríkjunum. Þessi stofn hefur breiðst nokkuð hratt út um heimsbyggðina og þegar þetta er skrifað (30. júlí 2009) hafa 46 tilfelli greinst á Íslandi. Til þessa hafa veikindi verið væg og dauðsföll fátíð. Rétt er að benda á að skæð inflúensa af A stofni (H5N1) hefur breiðst út í fuglum undanfarin 10 ár og í stöku tilfellum borist í menn með alvarlegum afleiðingum.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu sem undirrituð var 28. mars 2008 og er að finna á www.almannavarnir.is og www.influensa.is

**Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla**

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

## 3. Háskastig almannavarna

**Almannavarnastig**

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. **Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.**

Til þess að gefa til kynna umfang almannavarnaviðbragða, þ.e. fjölda þeirra eininga sem virkjaðar eru í þágu almannavarna í hvert sinn, þörf fyrir víðtæka samhæfingu og fjölda stjórnstiga er hægt að skilgreina umfang á hverju almannavarnastigi með litum sem hér segir:

- **Grænt**

  Atburði er sinnt af fáum viðbragðsaðilum.

- **Gult**

  Alvarlegur atburður og sinnt af mörgum viðbragðsaðilum.

- **Rautt**

  Mjög umfangsmikill atburður á mörgum svæðum.

- **Svart**

  Þjóðarvá - hamfarir eða atburðir sem hafa áhrif á mörg umdæmi á sama tíma.

Með hliðsjón af þessu taka sóttvarnalæknir og ríkislögreglustjóri ákvörðun um umfang aðgerða hverju sinni og upplýsa viðbragðsaðila.

## Óvissustig

### Athuganir, mælingar, hættumat

**Skilgreining:**

Nýr undirflokkur inflúensuveiru greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband.

**Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.**

1. Samráð / samstarf er við mikilvæg erlend samtök og stofnanir.
2. Samráð / samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga.
3. Skráning upplýsinga um staði þar sem sýking (H5N1? – önnur sýking ?) hefur komið upp.
4. Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
5. Athugun á boðleiðum, fjarskiptum og fleiru þess háttar.
6. Æfingar, almannavarnaæfing, minni æfingar innan stofnana og / eða hjá aðilum, sem hafa sameiginleg verkefni.

# Hættustig

## Viðbúnaður vegna hættu

**Skilgreining:**

1. Engin staðfest sýking hérlendis.
2. Litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokks inflúensuveirunnar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði en veiran virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum.
3. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en þó ekki þannig að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri.

**Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.**

1. Ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að sýktir einstaklingar komi til Íslands.
2. Komi fólk frá sýktum svæðum til Íslands fer fyrsta læknisrannsókn fram í flughöfnum (Keflavík) og höfnum.
3. Söfnun og úrvinnsla faraldursfræðilegra upplýsinga.
4. Hugsanlega loka einhverjum höfnum / flugvöllum.
5. Heimasóttkví hugsanlega beitt gegn þeim sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast.
6. Skip hugsanlega sett í sóttkví.
7. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa íhuguð.
8. Athuga með heimköllun Íslendinga frá svæðum þar sem hópsýkingar af völdum nýs stofns inflúensu hafa brotist út.

# Neyðarstig

## Neyðaraðgerðir vegna atburða

**Skilgreining;**

1. Stofn inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis eða heimsfaraldri hefur verið lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

**Ráðstafanir ákveðnar af ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni með hliðsjón af alvarleika faraldurs.**

1. Viðbragðskerfi að fullu virkjað.
2. Samkomubann, lokun skóla o.fl.
3. Útskrift sjúklinga af sjúkrahúsum.
4. Skipulögð dreifing / taka fyrirbyggjandi inflúensulyfja meðal áhættuhópa.

**Skammstafanir og orðskýringar**

| | |
|---|---|
| **AR** | Sýkingartíðni |
| **AVD** | Almannavarnadeild |
| **AVN,<br>Av-nefnd** | Almannavarnanefnd |
| **CDC** | Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna |
| **CFR** | Dánarhlutfall sjúkdóms |
| **ECDC** | Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins |
| **ESB** | Evrópusambandið |
| **LL** | Landlæknisembættið |
| **RLS** | Ríkislögreglustjórinn |
| **RÚV** | Ríkisútvarpið |
| **SST** | Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð |
| **SVL** | Sóttvarnalæknir |
| **WHO** | Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin |

| | |
|---|---|
| **DMR** | Dómsmálaráðuneyti |
| **HBR** | Heilbrigðisráðuneyti |
| **MRN** | Menntamálaráðuneyti |

**Sóttvarnaráðstafanir**

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar, s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og reglulegar guðsþjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni afléttir heilbrigðisráðherra því samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna, sbr 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra.

## Háskastig WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) í samvinnu við sóttvarnastofnanir í Bandaríkjunum (CDC) og Evrópu (ECDC) ásamt framkvæmdastjórn ESB hafa með sér náið samstarf við að fylgjast með og meta stöðuna. Íslendingar fá upplýsingar frá WHO og hafa jafnframt nána samvinnu við ECDC og ESB um vöktun og viðbrögð.

Í stigaskipan WHO er gert ráð fyrir þremur skeiðum í heimsfaraldri; *skeið á milli heimsfaraldra, viðvörunarskeiði* og *skeiði heimsfaraldurs*. Innan hvers skeiðs eru skilgreind mismunandi stig og eru þau sex talsins.

Stig WHO segja meira til um útbreiðslu frekar en alvarleika sýkingar. Stig 6, *skeið heimsfaraldurs*, getur verið vaxandi útbreiðsla á vægri inflúensu. Viðbragðsáætlun ráðuneyta gegn heimsfaraldri inflúensu er gerð með háskastig almannavarna til hliðsjónar en stigaskipan WHO er mikið notuð í fjölmiðlum og er sett hér fram til skýringar.

**Háskastig WHO**

| Stig heimsfaraldurs | Markmið aðgerða |
|---|---|
| **Skeið milli heimsfaraldra** | |
| Stig 1. Enginn nýr inflúensustofn hefur greinst í mönnum. | Styrkja viðbúnað við heimsfaraldri inflúensu. |
| Stig 2. Enginn nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum. Stofn inflúensuveiru geisar í dýrum og talinn geta ógnað mönnum. | Lágmarka hættu á smiti, uppgötva og tilkynna slík smit án tafar. |
| **Viðvörunarskeið** | |
| Stig 3. Nýr stofn inflúensuveiru hefur greinst í mönnum en ekki er vitað til þess að hann berist manna á milli nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband manna. | Tryggja hraða greiningu á nýjum stofni veirunnar. Greina tilfelli fljótt og tilkynna þau án tafar. Hröð viðbrögð við fleiri tilfellum. |
| Stig 4. Litlar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum á takmörkuðu svæði af völdum nýs stofns inflúensu en hann virðist ekki hafa lagað sig vel að mönnum. | Halda nýjum stofni innan afmarkaðs svæðis/uppsprettu eða seinka útbreiðslu og vinna tíma til að bregðast við (bóluefni ofl.). |
| Stig 5. Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Vísbendingar eru um að veiran hafi í vaxandi mæli aðlagast mönnum, þó ekki í þeim mæli að umtalsverð hætta sé á heimsfaraldri. | Hámarksáhersla er lögð á að koma í veg fyrir eða seinka útbreiðslu og, ef mögulegt, afstýra heimsfaraldri og vinna tíma til að hrinda í framkvæmd sóttvarnaráðstöfunum. |
| **Skeið heimsfaraldurs** | |
| Stig 6. Heimsfaraldur: Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits á meðal manna. | Draga úr afleiðingum heimsfaraldurs eins og unnt er. |

# 4. Virkjun viðbragðsáætlana skóla

**Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).**

## Breyttur viðbúnaður í skólum

**Tilkynntar breytingar á háskastigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla** á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmiðlum og á heimasíðu þess www.menntamalaraduneyti.is og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

**Viðbúnaður í einstökum skólum.** Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi vegna inflúensu eru ákveðnar.

**Afboðun.** Þeir þættir viðbragðsáætlana skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

## Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

**Óvissustig**
Unnið að gerð viðbúnaðaráætlunar. Skólarnir upplýsa starfsfólk, nemendur og aðstandendur þeirra og aðra hagsmunaaðila um undirbúning og viðbrögð komi til hættu- eða neyðarástands.

**Hættustig**
Stjórnendur hvers skóla stýra starfsmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um skólahald á hættustigi.

**Neyðarstig (e.t.v. samkomubann)**
Stjórnendur hvers skóla stýra starfmönnum til þeirra verkefna sem lýst er í viðbragðsáætlun skólans um starfsemi hans á neyðarstigi. Komi til samkomubanns verður skólum lokað á tilteknu svæði eða landinu öllu.

# 5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans

## Skipurit skólans 2009-2010



**Menntaskólinn á Ísafirði** (stofnaður 1970) býður upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins. Nú stunda á fjórða hundrað nemendur nám við skólann á bóknáms-, verknáms- og starfsnámsbrautum. Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Jafnan er reynt að gæta þess að nám sem lokið er á einhverri braut skólans nýtist þótt skipt sé um námsbraut.

**Sérstaða**

Menntaskólinn á Ísafirði er staðsettur í fögru umhverfi í höfuðstað Vestfjarða. Skólinn er af heppilegri stærð þannig að nemendur hverfa ekki í fjöldann. Lögð er áhersla á persónuleg samskipti við nemendur, heimilislegt andrúmsloft, góða kennslu, leiðsögn og námsráðgjöf. Skólinn er vel búinn tölvum og í öllum skólanum er þráðlaust tölvukerfi. Sífellt fleiri áfangar eru nú skipulagðir með hliðsjón af tölvustuddri kennslu með samskiptakerfi á netinu er nefnist Moodle. Húsakynni skólans eru björt og rúmgóð og öll á einni lóð, þar á meðal nýlegt og vel búið verknámshús fyrir málmiðngreinar og vélstjórnarbraut. Einnig er góð aðstaða fyrir rafiðngreinar og nú og fullbúin aðstaða er fyrir nám í húsasmíði og grunndeild hár- og snyrtigreina. Bókasafnið er til fyrirmyndar með góðri lestrar- og tölvuaðstöðu. Stórt og glæsilegt íþróttahús er fast við skólann. Falleg útivistarsvæði eru á næstu grösum og stutt er í skíðalandið. Upplýsingatæknikerfi skólans er nú eitt hið fullkomnasta og nýtískulegasta sem unnt er að finna í íslenskum framhaldsskóla. Allir nemendur skólans gefst kostur á að fá fartölvur leigðar af skólanum gegn vægu gjaldi.

**Heimavist og mötuneyti**

Heimavist og mötuneyti eru sambyggð bóknámshúsinu. Á heimavist eru 20 einstaklingsherbergi með sturtu og snyrtingu, þar af fjögur sem geta verið tveggja manna og 14 einstaklingsherbergi með sameiginlegu baði og salerni fyrir hver sjö herbergi. Við skólann er mjög gott mötuneyti sem er vel nýtt af nemendum og starfsliði skólans.

**Skrifstofa skólans** er opin mánudaga-fimmtudaga kl. 8.00-16.00, en föstudaga er opið frá 8.00-15.00. Ritari starfar á skrifstofunni undir stjórn skólameistara. Ritari svarar í síma 450 4400 eða tölvupósti mi@misa.is m.a. fyrirspurnum og veitir upplýsingar um hvaðeina er varðar fyrirkomulag í skólanum og vísa málum til annarra aðila innan skólans ef þörf krefur.

**Logo skólans og samskiptaleiðir**

Menntaskólinn á Ísafirði
Torfnesi, 400 Ísafirði
Sími: 450 4400 Bréfasími: 450 4419
Netfang: mi@misa.is Veffang: www.misa.is

**Umfang:**

Við Menntaskólann á Ísafirði eru nú 38 starfsmenn, þar af eru um 32 manns í heilum stöðum við kennslu og stjórnunarstörf. Kennarar við skólann eru að jafnaði 30 að meðtöldum stundakennurum eða kennurum í hlutastöðum. Að jafnaði eru um 400 nemendur við skólann í dag- og kvöldskóla. Nemendur í dagskóla hafa verið um 330. Dreifnámsnemendur sem ekki eru í dagskóla hafa verið um 30 og nemendur í kvöldskóla eru um 12.

**Námsframboð:**

**Bóknám til stúdentsprófs:**

Félagsfræðabraut

Náttúrufræðibraut

Viðskipta- og hagfræðibraut

Tónlistarnám er metið sem kjörsvið

**Annað bóknám:**

Almenn námsbraut

Samfélagstúlkun

**Sérdeild –** Starfsbraut

**Verknám:**

Grunnám bíliðna

Grunnnám málm- og vélstjórnargreina

Stálsmíði (Sveinspróf)

Vélstjórnarbraut A og B nám

Grunnnám rafiðngreina

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

Húsasmíði (sveinspróf)

Grunnnám hár- og snyrtigreina (í athugun)

Meistaranám iðnnámsgreina

Viðbótanám til stúdentsprófs

**Starfsnám:**

Sjúkraliðabraut

Viðskiptabraut

**Stjórnendur:**
Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari
Hildir Halldórsdóttir, aðstoðarskólameistari
Friðgerður Ómarsdóttir, áfangastjóri

**Skólameistari** ber ábyrgð á starfsemi skólans og menntunar- og uppeldishlutverki hans. Hann sér um tengsl við þá sem láta sig störf skólans varða, t.d. aðstandendur nemenda, yfirvöld og aðila á sviði atvinnulífsins. Viðtalstími: Árdegis alla virka daga og eftir samkomulagi.

**Aðstoðarskólameistari** er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn skólans. Hann er skólameistara til aðstoðar við kennararáðningar að skólanum; hefur umsjón með þeim stundakennurum sem ekki heyra undir sviðsstjóra og miðlar þeim upplýsingum um starf skólans. Aðstoðarskólameistari hefur umsjón með að kennt sé eftir skólanámsskrá hverju sinni í samráði við áfangastjóra og sviðsstjóra. Viðtalstími: Árdegis alla virka daga og eftir samkomulagi. Hefur jafnframt umsjón með miðlun dagréttingu upplýsinga á heimasíðu skólans.

**Áfangastjóri** hefur umsjón með rekstri áfangakerfis við skólann. Árdegis alla virka daga og eftir samkomulagi.

Starfið felur í sér:

- uppsetningu brauta og áfanga í Innu-skólakerfinu
- umsjón með skipulagi áfangaframboðs í samráði við sviðsstjóra
- umsjón með töflubreytingum í upphafi annar og skráningu nemenda í og úr áföngum í samstarfi við námsráðgjafa og kennara
- umsjón með innritun nemenda í samvinnu við skólameistara og aðstoðarskólameistara
- umsjón með námsáætlunum
- umsjón með námsferli nemenda og skráning einkunna í ferilsskrá þeirra
- eftirlit með P-áföngum og ókenndum áföngum

- samráð við kennara og nemendur um námslok
- útprentun útskriftarskírteina
- umsjón með útsendingu einkunna í lok annar
- að standa skólameistara skil á upplýsingum um nemendafjölda, prófgengi, einkunnadreifingu og brottfall
- stundaskrárgerð í samstarfi við aðstoðarskólameistara

**Fjármálstjóri** er Gísli Halldórsson. Hann fer með fjársýslu skólans og annast allar fjárreiður hans í samstarfi við og í umboði skólameistara. Fjármálastjóri situr vikulega fundi með stjórnendum skólans og er skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar við rekstur skólans. Hann hefur umsjón með öllu bókhaldi, annast innheimtu og greiðslu reikninga. Hann veitir skólameistara upplýsingar úr bókhaldi hvenær sem þurfa þykir og annast, að beiðni skólameistara, skilagreinar til ráðuneytis, ríkisféhirðis og ríkisendurskoðunar.

Guðný Hólmgeirsdóttir sinnir nú hluta af starfi fjármálastjóra sem fjármálafulltrúi meðan hann er í námsleyfi að 70% hluta.

**Skólaráð:**
Jón Reynir Sigurvinsson , skólameistari
Hildir Halldórsdóttir, aðstoðarskólameistari
Friðgerður Ómarsdóttir, áfangastjóri
Hrafnhildur Hafberg, fulltrúi kennara, varamaður Rúnar Helgi Haraldsson
Margrét Skúladóttir, fulltrúi kennara , varamaður Elvar Reynisson
Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir, fulltrúi nemenda, varamaður Stefán Pálsson

**Sviðstjórar:**
Emil Ingi Emilsson á starfsbraut
Guðmundur Einarsson í vélstjórnargreinum
Hermann Níelsson í íþróttum
Hildur Halldórsdóttir í raungreinum og sjúkraliðagreinum
Hrafnhildur Hafberg í íslensku
Jóhann Kristjánsson í stærðfræði
Margrét Skúladóttir í háriðn- og snyrtigreinum
Stefan Gunther í erlendum tungumálum
Tryggvi Sigtryggsson í málmiðngreinum
Þröstur Jóhannesson í tréiðngreinum

**Námsráðgjafar** eru Stella Hjaltadóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir**.** Þær veita nemendum leiðsögn í persónulegum málum sem snerta námið og skólann og eru þeim til ráðuneytis og aðstoðar við lausn vandamála sem tengjast námi eða félagslegum þáttum skólavistarinnar. Námsráðgjafar meta hvort unnt sé að leysa úr málum innan skólans eða hvort leita þarf eftir sérhæfðari meðferð til viðeigandi sérfræðinga eða stofnana. Þeir koma upplýsingum þar um til skólameistara. Námsráðgjafar Menntaskólans á Ísafirði eru ráðunautar kennara um vandamál nemenda og hafa samband við forráðamenn nemenda í samráði við þá og skólameistara. Námsráðgjafar hafa fasta viðtalstíma, sem auglýstir eru í upphafi annar.

**Skólasafnvörður** Katrín Gunnarsdóttir veitir forstöðu bókasafni skólans. Hún annast m.a. innkaup á gögnum fyrir safnið, sem þjónar bæði nemendum og kennurum skólans. Skólasafnvörður aðstoðar nemendur og kennara við heimildaleit og upplýsingaöflun og leiðbeinir þeim um notkun safnsins.

**Upplýsingatæknistjóri** fylgist með og sér til þess að upplýsingakerfi (heimasíður, tölvu- og netkerfi, skjávarpar og annar búnaður sem tengist upplýsingatækni) skólans séu ávallt virk og veiti góða þjónustu og að rekstur kerfanna sé í samræmi við samninga við fyrirtæki (Opin Kerfi og Snerpu og símafyrirtæki) um rekstur upplýsingakerfa. Skilgreinir þarfir notenda tölvu- og netkerfa og stuðlar að þróun þeirra í samræmi við stefnu og markmið. Annast innkaup á vörum sem eru nauðsynlegar til viðhalds þess búnaðar sem heyrir undir ábyrgðarsvið upplýsingatæknistjóra. Vinnur með og aðstoðar starfsmenn og nemendur MÍ við að ná settum markmiðum um notkun tölvukerfa og tenginga þeirra til lausnar þeim verkefnum sem þeir sinna. Fylgist með nýjungum á sviði tölvu- og upplýsingamála og er stjórnendum MÍ til ráðgjafar um þær.

**félagsmálafulltrúi** skólans er tengiliður milli nemenda og stjórnenda og leiðbeinir nemendum einkum nýnemum um þátttöku og skipulag á félagslífi nemenda.

**Forvarnarteymi** skólans samanstendur af stjórnendum, starfs- og námsráðgjöfum og fjórum kennurum sem kenna lífsleikni en úr þeim hópi er einn starfs- og námsráðgjafi sem er ásamt skólameistara jafnframt í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna í skólanum. Forvarnarteymið stuðlar að því að forvarnir í víðtækum skilningi séu hluti af daglegu starfi skólans. Skólameistari hefur umsjón með reglulegri endurskoðun á skriflegri stefnu skólans í forvarnarmálum.

**Húsvörður** Menntaskólans á Ísafirði hefur umsjón og eftirlit með húseignum Menntaskólans á Ísafirði. Hann gerir áætlanir um viðhaldsþörf húseigna og nýframkvæmdir í samráði við skólameistara; annast umsjón og eftirlit með viðhaldsframkvæmdum og er tengiliður milli skólans, verktaka og Fasteigna ríkisins og Framkvæmdasýsluna.

**Vistarverðir** bera ábyrgð á að framfylgja umgengnisreglum á heimavist. Þeir hafa umsjón með lyklakerfi vistarinnar og halda íbúalista heimavistar handa skrifstofu skólans, skólameistara og matráðskonu. Vistarverðir skipuleggja og fylgjast með næturvörslu, en þeim er heimilt að semja við nemendur um slíka vörslu gegn greiðslu aðfaranætur laugardaga eða sunnudaga. Þegar hátíðir nemenda eiga sér stað þurfa vistarverðir að vera sjálfur á næturvakt, annars eru þeir að jafnaði á bakvakt. Úthlutun þvottatíma í þvottahúsi vistarinnar er í höndum vistarvarða, og skulu þeir fylgjast með því að notkun þvottahúss gangi árekstralaust. Vistarverðir veita nemendum á heimavist viðtöl um ýmis vandamál þeirra, jafnvel um persónulega erfiðleika, og liðsinna þeim síðan eftir því sem efni standa til. Þessi sálgæsluþáttur er mikilvægur með tilliti til þess að heimavistin er heimili nemenda yfir skólatímann. Sérstaklega þarf að hugsa um velferð þeirra nemenda sem eiga við fjölskylduerfiðleika að stríða eða geta sjaldan farið heim til sín. Vistarverðir skulu vera til aðstoðar þegar gestir koma til gistingar á heimavistinni á vegum skólans, einkum við að taka til herbergi, sækja rúmföt og jafnvel þvo þau síðar.

**Umsjónarkennarar**
Flestir kennarar í fullu starfi hafa hóp nemenda í sinni umsjá. Umsjónarkennarar fylgjast með ástundun og námi nemendahópsins, aðstoða nemendur við námsval, vinna námsáætlanir með þeim og eru talsmenn þeirra gagnvart öðrum aðilum innan skólans. Umsjónarkennarar hitta nemendur sína á ákveðnum tímum sem skrásettir eru í dagatal skólans. Best er að ná sambandi við umsjónarkennar í tölvupósti. Netföng þeirra eru á heimasíðu skólans.

# 6. Starfssvæði skólans og umfang



*Starfssvæði Menntaskólans á Ísafirði, horft til austurs af Gleiðahjalla. Skólabyggingar eru með rauðu þaki. Talið frá vinstri: Verknámshús, heimavist, bóknámshús og íþróttahús sem rekið er af Ísafjarðarbæ.*

**Húsnæði og aðstaða:**
Húsnæði skólans er í þremur byggingum: 1. Bóknámshúsið er samtals um 2.950 $m^2$ á tveimur hæðum og er gengið inn um anddyri á neðri hæð í norðurenda en á efri hæð snýr anddyri til vesturs. 2. Bóknámshús skólans var tekið í notkun 1984. Í húsinu eru 16 kennslustofur, þar á meðal þrjár sérstofur. Í tölvuveri og á bókasafni eru nettengdar nemendatölvur.Vel búinn fyrirlestrasalur er í skólanum með 84 sæti, og ennfremur samkomusalur sem rúmar 250 manns í sæti.

Heimavist er 1709 $m^2$ á þremur hæðum. Í kjallara í suðvestur álmu heimavistar er kennslurými fyrir tréiðngreinar og hár- og snyrtigreinar. Þar er ein bóknámsstofa og aðsetur fyrir þrjá verknámskennara. Heimavistarbúar eru nú allir í suðvesturálmu heimavistar en þar eru 20 herbergi. Mötuneytið er í austurálmu heimavistar og rúmar um 150 nemendur. Þar er hádegisverður fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans en morgunverður og kvöldverður er fyrir heimavistarbúa alla virka daga. 3. Verknámshúsið er 750 $m^2$ á tveimur hæðum. Á neðri hæð eru tvær verknámsstofur: málsmíði í vesturálmu og vélarsalur í austurálmu en á milli er kennarastofa og snyrting. Á efri hæð eru skrifstofur verknámskennara og kennslustofa beint á móti. Íþróttahúsið er steinsnar frá suðurhlið bóknámshúss og er rekið af Ísafjarðarbæ.

Áföst bóknámshúsinu er heimavist með 22 eins manns herbergjum auk 20 stærri herbergja með sturtu og snyrtingu. Vistarbúum er skylt að vera í mötuneyti skólans og fara eftir gildandi heimavistarreglum, en allir starfsmenn og nemendur skólans eiga þess kost að borða í mötuneytinu.

Nýtt og glæsilegt íþróttahús, sem stendur á lóð skólans, var tekið í notkun í september 1993. Þar fer megnið af íþróttakennslu skólans fram.

Í byrjun janúar 1995 var tekið í notkun nýtt og mjög vel búið verkmenntahús, sem stendur á lóð skólans. Þar eru rúmgóðir kennslusalir fyrir vélstjórnar- og málmiðngreinar, auk einnar kennslustofu fyrir bóklega kennslu og góðrar kennaraaðstöðu. Kennsla í rafiðngreinum og grunnnámi byggingargreina fer nú fram í endurnýjuðu húsnæði á neðstu hæð í austurálmu heimavistarinnar.

**Umfang**: Starfsmannafjöldi og nemendafjöldi.

Starfsmenn skólans eru um 40 og nemendur um 330.




*Afstöðumynd af húsakynnum skólans talið frá vinstri: Íþróttahús, bóknámshús, heimavist og verknámshús.*




*Afstöðumynd af bóknámshúsi og heimavist. Flóttaleiðir eru sýndar með brotnum örvum..*

## 7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs

### Bráðabirgðamat 10.8.09 á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu á komandi vikum fyrir landið allt

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum heimsfaraldurs inflúensu sem gengur yfir um þessar mundir þar sem tillit er tekið til afleiðinga sambærilegar hefðbundnum árlegum inflúensufaraldri (30% sýkingartíðni, 1% tíðni alvarlegra sjúkdómseinkenna og 0,1% dánartíðni). Litið er á alvarleika þessa heimsfaraldurs til jafns við árstíðabundinn inflúensufaraldur. Mun fleiri sýkjast þó í heimsfaraldri (30-50%) en í hefðbundnum árlegum faraldri (5-10%). Þetta leiðir til þess að fleiri munu veikjast alvarlega og fleiri látast af völdum heimsfaraldursins þótt hann sé hlutfallslega ekki skæðari en venjuleg inflúensa.

Mikilvægt er að hafa í huga að bráðabirgðamat þetta þarf ekki að endurspegla raunverulega útkomu faraldursins en er fyrst og fremst ætlað að vera viðbragðsaðilum til hjálpar við að undirbúa aðgerðir.

Algengt er að inflúensufaraldur berist í tveimur eða þremur hrinum á allt að árs tímabili. Hver hrina byrjar með lágri sýkingatíðni sem eykst og nær hámarki og fellur aftur á nokkurra vikna tímabili, oftast 8-12 vikum. Sýkingartíðnin er þá há í nokkrar vikur í hverri hrinu.




Búast má við að sýkingartilfelli dreifist á 12 vikna tímabili, sjá töflu, skv. embætti sóttvarnalæknis.

| **Vika** | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **%** | 1% | 4% | 15% | 22% | 23% | 15% | 8% | 5% | 3% | 2% | 1% | 1% |

Eins og sjá má er líklegt að um nokkrar fjarvistir starfsmanna verði að ræða í inflúensufaraldri. Fjöldi fjarvista er háður því hversu alvarlegur faraldurinn verður og einnig hver viðbrögð almennings verða. Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- smits af inflúensu
- annarra veikinda
- annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla
- beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér
- beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann
- raskana á almenningssamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks
- ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Fjarvistir starfsmanna munu verða mestar þegar sýkingartíðni er hæst í faraldri, eða u.þ.b. í 5. viku af u.þ.b. 12 vikum. Búast má við tveimur til þremur hrinum af inflúensufaraldri með nokkurra mánaða millibili.

Það er ekki hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðvum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsmenn meta hættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.

# 8. Viðbragðsáætlun –Menntaskólans á Ísafirði við heimsfaraldri inflúensu

Komi til lokunar á skólanum verða allar helstu upplýsingar um starfsemina á þeim tíma settar á vef skólans www.misa.is . Upplýsingatæknikerfi skólans er nú eitt hið fullkomnasta og nýtískulegasta sem unnt er að finna í íslenskum framhaldsskóla:

**INNA** er upplýsingakerfi framhaldsskólanna**.** Þar er að finna helstu upplýsingar um nemendur svo sem nöfn, aðstandendur, heimilsfang og símanúmer. Þá er í INNU skráðar upplýsingar um viðveru, veikindi og leyfi.

**Moodle** er innra námskerfi skólans sem tekið var upp í stað Námsskjásins. Þetta kerfi eins og Námsskjárinn er til upplýsingamiðlunar milli kennara og nemenda. Þarna setja kennarar inn námsáætlanir og verkefni og nemendur geta skilað inn úrlausnum verkefna sinna og tekið gagnvirk próf.

**SyncronEyes** gerir kennurum kleyft að stjórna fartölvunotkun nemenda. Í kennslustundum munu kennarar geta stjórnað því hvaða forrit nemendur nota og geta sett skorður á aðgengi nemenda að forritum og vefsíðum. Kennarar geta hins vegar ekki skoðað gögn á fartölvum nemenda heldur geta þeir einungis séð hvað birtist á skjánum. SynchronEyes hugbúnaðurinn sýnir smáar myndir af skjám allra nemenda kennarans svo hann geti fylgst með árangri hvers og eins. Nemendur senda spurningar beint til kennarans, og hann getur þá svarað hverjum og einum og sent honum svarið eða þá smellt á mynd nemandans og unnið með honum að lausn verkefna. Ef margir nemendur þurfa aðstoð á sama tíma, getur kennarinn sýnt öllum bekknum kennaraskjáinn, eða skjá einhvers annars. Kennarinn getur einnig beint athygli nemenda að einhverju ákveðnu með því að gera skjái þeirra auða og mýs og lyklaborð óvirk. Í lok tímans er svo hægt að leggja gagnvirk próf fyrir nemendur. Þegar nemendur skila svörum sínum, fær kennarinn þau yfirfarin. Kennarinn getur einnig sent hluta hópsins t.d. á bókasafnið og látið þá vinna að sínum verkefnum þar en samt verið í sambandi við nemendur. Þetta forrit mun gagnast vel komi til lokunar á skólanum.

**Vefur Menntaskólans á Ísafirði** **www.**misa.is inniheldur allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi skólans. Þar eru reglur hans, ákvæði um námsframvindu, námsmat, próf og lágmarkskröfur. Þar er skipulag námsbrauta sýnt og þar eru helstu upplýsingar að finna um þá þjónustu sem skólinn býður upp á. Komi til lokunar skólans og verði hún til þess að skólastarf fari úr skorðum í lengri tíma verða settar á vef skólans upplýsingar um það hvernig skólinn muni bregðast við því ástandi. Við skólasetningu og á fundum með forráðamönnum nýnema og í ávarpi til nemenda á sal hefur skólameistari hvatt alla til að fylgjast með upplýsingum á vef skólans um viðbrögð komi til lokunar. Starfsmenn skólans geta komist inn á innra vef skólans og þar með öll gögn þar frá heimili sínu.

**Upplýsingaskjár** er í sal bóknámshússins á neðri hæð og snýr að anddyri skólans við anddyri. Þar geta nemendur séð ýmsar tilkynningar og þá sérstaklega er varða forföll kennara og mikilvægar upplýsingar sem brýnt er að allir lesi. Sömu upplýsingar eru birtar eftir þörfum á vefsíðu skólans.

**Verkefnisstjórn og virkjun viðbragðsáætlunar í Menntaskólanum á ísafirði**
Í verkefnisstjórn eru: Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari og Sigríður Ragna Jóhannesdóttir hjúkrunarfræðingur og kennari sjúkraliðagreina og Stella Hjaltadóttir náms- og starfsráðgjafi.
Sigríður Ragna er tengiliður skólans við heilsugæslu í nágrenninu. Áætlunin er unnin í samvinnu við yfirvöld menntamála, heilbrigðismála og embætti ríkislögreglustjóra. Engi formleg öryggisnefnd er starfandi við skólann en skólameistari og húsvörður fara reglulega yfir öryggismál og oft eru verkmenntakennara og umsjónakennarar verknámsstofa hafðir með í ráðum.
Skólameistari ber ábyrgð á uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar og ber hana undir skólanefnd og verkefnastjórn hverju sinni.

Áætlunin er unnin í samvinnu við yfirvöld menntamála, heilbrigðismála og embætti ríkislögreglustjóra. Innan skólans starfar öryggisnefnd að þessum málum í samvinnu við rektor.

**Hvernig skal upplýsa nemendur, starfsmenn og aðstandendur um inflúensuna, útbreiðsluleiðir og hvernig skal draga úr smitleiðum? Endurskipulagning ræstingu í þessu skyni og/eða útvegun á hlífðarbúnaði.**

Mikilvægt er að fræðsla til nemenda, aðstandenda þeirra og starfsfólks veki ekki upp óþarfa ótta heldur sé veitt af yfirvegun, festu og þekkingu. Fræðslan þarf að taka mið af stöðu inflúensunnar hverju sinni. Hægt er að skipta fræðslunni niður í þrjú stig í samræmi við skiptingu almannavarnaáætlana hér á landi og sjá má í kafla 3.

1. **Óvissustig – Almennar forvarnir í tengslum við inflúensu.**

,,Nýr undirflokkur inflúensu greinist í mönnum en sýking milli manna er ekki þekkt nema í undantekningartilfellum og þá við mjög náið samband".

Almennar forvarnir sem miða að því að fræða almennt um inflúensuna, útbreiðsluleiðir og hvernig megi draga úr smitleiðum. Í því sambandi er rétt að leggja áherslu á að hreinlæti sé það sem skiptir mestu máli til að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna mikilvægi handþvotts og að fólk hafi á sér einnota pappírsþurrku til að hnerra eða hósta í. Jafnframt skal hvetja fólk til að skoða heimasíðuna influensa.is þar sem allar frekari upplýsingar eru að finna.

Fái nemandi eða starfsmaður skólans inflúensu lík einkenni er rétt að hann leiti strax til læknis. Séu líkur á að um inflúensu sé að ræða, að mati læknisins, skal viðkomandi halda sig heima í 7 daga frá upphafi veikinda, í samræmi við ráðleggingar frá Landlæknisembættinu.

Þessum almennu forvörnum skal komið á framfæri við nemendur og aðstandendur þeirra ásamt öllu starfsfólki skólans og verktaka sem sjá um ræstingar á eftirfarandi hátt:

a) Á fyrsta kennarafundi við upphaf skólaárs. Í ávarpi skólameistara á sal skólans í upphafi annar. Á fyrsta fundi skólanefndar og skólaráðs og á sérstökum kynningarfundi með forráðamönnum nýnema. Þar er tækifærið er notað til að koma inn á ofangreinda þætti um leið og skólameistari kemur öðrum upplýsingum um starfsemi skólans á framfæri.
b) Verkefnastjórn kemur fræðslu til starfsmanna skólans og hvetur þá jafnframt til að kynna sér inflúensuna enn frekar og leiðir til að draga úr útbreiðslu hennar með því að skoða það efni sem er að finna á heimasíðunni www.influensa.is.
c) Umsjónarkennarar hvetja sína nemendur til að kynna sér inflúensuna og leiðir til að draga úr útbreiðslu hennar, með því að skoða það efni sem er að finna á heimasíðunni www.influensa.is.
d) Viðbragðáætlun þessi skal vera aðgengileg á heimasíðu skólans www.misa.is

e) Á heimasíðu skólans skal setja krækju á heimasíðuna influensa.is.
f) Bæklingurinn *Munum eftir inflúensunni* skal einnig vera aðgengilegur á heimasíðu skólans.
g) Setja á límmiða inn á salerni skólans þar sem minnt er á mikilvægi handþvottar.
h) Setja á veggspjaldið *Fimm leiðir til að forðast inflúensuna* á upplýsingatöflur skólans í bóknámshúsi, íþróttahúsi, verknámshúsi og á heimavist.
i) Sé tilefni til skal einnig setja upplýsingar og fræðslu á upplýsingaskjá skólans sem er á sal skólans á neðri hæð bóknámshúss.
j) Skólameistari og húsvörður koma upplýsingum til skila til þeirra sjá um ræstingar í byggingum skólans. Þar ber að leggja áherslu á að algengir snertifletir eins og borð, hurðahúnar og ljósarofar, séu þrifnir sérlega vel með sápuvatni.

**2. Hættustig (viðbúnaður vegna hættu) – Fjölgun á inflúensu tilfellum innan skólans.**

,,Engin staðfest sýking hér á landi en litlar hópsýkingar af völdum nýs undirflokks inflúensuveirunnar brjótast út meðal manna á takmörkuðum svæðum. Vísbendingar um að veiran aðlagist mönnum í vaxandi mæli en ekki er talin bein hætta á heimsfaraldri“.

Fari að bera á fjölgandi tilfellum inflúensu í skólanum verður lögð meiri þungi á fræðslu um smitleiðir og forvarnir. Jafnframt skal virkja samvinnu verkefnastjórnar við heilsugæsluna. Þá skal hjúkrunarfræðingur ræða við nemendur auk þess sem frekari upplýsingum skal komið á framfæri á heimsíðu skólans og á upplýsingaskjá um stöðuna.

**3. Neyðarstig (neyðaraðgerðir vegna atburða) – Inflúensu faraldur innan skólans.**

,,Stofn inflúensuveirunnar hefur fundist í einum eða fleiri einstaklingum hérlendis. Heimsfaraldri lýst yfir. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna“.

Komi til inflúensu faraldurs innan skólans að mati Fjölnis Guðmundssonar, sóttvarnarlæknis Vestfjarðaumdæmis, skal bregðast við í náinni samvinnu verkefnastjórnar við heilsugæsluna og fara eftir ráðleggingum heilbrigðisyfirvalda. Skólastjórnendur skulu þá meta hvort koma þurfi til lokunar skólans til að hefta frekari útbreiðslu inflúensunnar. Upplýsingum skal komið á framfæri til nemenda skólans, að standenda þeirra og allra starfsmanna í anddyri skólans og á tölvutæku formi, í gegnum heimasíðu skólans og með netpósti og gegnum Moodle.

**Hvernig á að bregðast við veikindatilfellum nemenda í skólanum?**

Í skólareglum Menntaskólans á Ísafirði segir í 4 g.
*Forföll skal í öllum tilvikum tilkynna til skrifstofu skólans milli kl. 8:00 – 10:00. Veikindi nemenda yngri en 18 ára þurfa að vera staðfest af foreldrum, foreldri þarf að hringja inn fyrir klukkan 10:00 á morgnana, ef um fleiri en einn dag er að ræða þarf að hringja daglega. Ef nemandi eldri en 18 ára er veikur og vill ekki að það sé skráð sem fjarvist þar hann að koma með vottorð.*

Sé grunur um eða staðfest af lækni að veikindi nemanda eða starfsmanns sé af völdum inflúensu skal það tilkynnt til skólans. Tengiliður verkefnastjórnar kemur upplýsingum til heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Raskist skólastarf verulega verður brugðist við því eftir því sem við á. Allar breytingar verða þá kynntar á heimasíðu skólans og á Námsumsjónarkerfinu Moodle.

**Komi til lokunar skóla**

**Hvernig verður lokun auglýst og aflýst?**
Komi til lokunar á skólanum verða allar helstu upplýsingar um starfsemina á þeim tíma settar á vef skólans www.misa.is. Skólameistari kemur upplýsingum til starfsmanna um yfirvofandi lokun í tölvupósti og kallar alla á fund. Aðstoðarskólameistari eða staðgenglar hans sér um að koma upplýsingum á vef skólans. Húsvörður setur auglýsingu um lokun á allar inngönguleiðir í skóla og hefur samband við þá sem annast ræstingu skólans. Heimavistarvörður upplýsir heimavistarbúa um stöðu mála og sér til þess að þeir yfirgefi heimavistina meðan skólinn er lokaður. Sömu aðferð verður beitt þegar skólinn verður opnaður aftur.

**Hvernig er skipulagning afleysingakerfis lykilstarfsmanna (skólastjórnenda) ef til veikinda hjá þeim kemur**?
Samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/2008 ber aðstoðarskólameistari skólans ábyrgð á skólastarfinu. Staðgengill skólameistara, Jóns Reynis Sigurvinssonar, er aðstoðarskólameistari, Hildur Halldórsdóttir. Ef báðir forfallast sem nemur nokkrum dögum þá mun áfangastjóri, Friðgerður Ómarsdóttir eða starfs- og námsráðgjafi, Guðrún Á Stefánsdóttir koma í þeirra stað.. Um rekstur og stjórn skólans fer eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Komi til lengri forfalla skólameistara og aðstoðarskólameistara mun koma til kasta skólanefndar sem mun grípa til viðeigandi ráðstafana í samráði við menntamálaráðherra.

## Komi til lokunar skóla

Komi til lokunar verður það auglýst á heimasíðu skólans og í tölviupósti. Tölvupóstur verður sendur starfsfólki og nemendum og foreldraráði skólans. Tilkynning um lokun verður einnig sett upp á skjákerfi skólans. Þá verða sett upp plaköt við innganga skólans um lokunina ásamt upplýsingum um hvert á að snúa sér með erindi.

**Hvaða boðleiðir til og frá skóla haldast opnar þannig að nauðsynlegt upplýsingastreymi haldist gangandi?**
Heimasíða MÍ, póstlistar og símsvörun, námvefurinn Moodle verður opinn og þar verða allar helstu upplýsingar um námið og námskröfur ásamt kennslugögnum .Upplýsingakerfi framhaldsskólanna, Inna verður opið.

**Hvernig má halda samstarfi/sambandi við heimili barna?**
Nýta póstlista, heimasíðu skólans, fundir verða með foreldraráði MÍ.

**Aðstoð við erlenda skiptinema sem ekki geta komist úr landi.**
Stella Hjaltadóttir starfs- og námsráðgjafi mun halda erlendum skiptinemum upplýstum um stöðu mála hverju sinni, annaðhvort beint eða í tölvupósti Tilkynning um ástand verður sent AFS eða viðkomandi samtökum sem ber ábyrgð á viðkomandi. Hringt verður í fósturfjölskyldur skiptinema.

**Verður unnt að halda úti áframhaldandi skólastarfi í einhverri mynd þrátt fyrir lokun skóla?**
Upplýsingatæknikerfi skólans er nú eitt hið fullkomnasta og nýtískulegasta sem unnt er að finna í íslenskum framhaldsskóla. Skólinn getur því haldið uppi kennslu í bóknámsgreinum þrátt fyrir lokun skólans. Flestir nemendur ættu að mestu leyti geta fylgt fyrirliggjandi kennsluáætlunum eða unnið að tilteknum verkefnum a.m.k tímabundið. Ekki verður farið í frekari undirbúningsvinnu er þetta

varðar. Kennarar eru hvattir til að hafa ávallt nákvæma vikuáætlun fyrir alla önnina á námsvefnum Moodle. SyncronEyes verður notað til að hafa stjórn á kennslustundum á vef.

**Hvernig verður tryggð umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur?**
Húsvörður mun annast alla umsýslu og öryggismál meðan á lokun stendur. Í forföllum hans verður fyrrverandi húsvörður skólans kallaður til eða einhver af verknámskennurum.

**Hvernig verður staðið að skipulagningu skólastarfs eftir opnun?**
Þegar ljóst er að viðbúnaðarstigi hafi verið aflétt boðar skólameistari/aðstoðarskólameistsri til starfsmannafundar. Sviðstjórar funda með kennurum um þörf á breytingum kennsluáætlana o.þ.h.

**Síma- og netfangaskrá kennara og starfsfólks MÍ**

| Nafn | Heimasími | Inn sími | Annar sími | Netfang |
|---|---|---|---|---|
| 1. Andrea Harðardóttir | 456-3510 | 4407 | 848-2068 | andrea@misa.is |
| 2. Bjarney I. Gunnlaugsdóttir | 456-1262 | | 693-3238 | |
| 3. Catherine Mercy | 436-6542 | 4412 | 894-5821 | cathd@misa.is |
| 4. Dagný Viggósdóttir | 456-4445 | 4400 | 869-5636 | dagny@misa.is |
| 5. Elfar Reynisson | 456-4651 | 4407 | 862-4651 | elfarr@misa.is |
| 6. Emil Ingi Emilsson | 456-3463 | 4408 | | emil@misa.is |
| **7. Friðgerður Ómarsdóttir** | **456-4354** | **4418** | **863-1614** | **fridgerd@misa.is** |
| 8. Gísli Halldórsson | 456-3856 | 4404 | 868-4811 | gisli@misa.is |
| **9. Guðjón Torfi Sigurðsson** | **456-7807** | | **899-7237** | **gudjonts@misa.is** |
| 10. Guðmundur Einarsson | 456-3697 | 4416 | 896-3697 | gudmund@misa.is |
| 11. Guðmundur Þór Kristjánsson | 456-3013 | 4414 | 894-9713 | gudmu@misa.is |
| **12. Guðni Ásmundsson** | **456-3598** | | **864-6577** | **gudni@misa.is** |
| 13. Guðný R. Hólmgeirsdóttir | 456-4643 | 4404 | 899-0743 | gudny@misa.is |
| **14. Guðrún Á Stefánsdóttir** | **456-3981** | **4403** | **846-0204** | **gudrun@misa.is** |
| 15. Gunnar Páll Eydal | 456-0113 | 4412 | 865-1663 | gunnar@misa.is |
| 16. Hallgrímur Hróðmarsson | 436-1618 | 4411 | 864-3896 | hallgrim@misa.is |
| 17. Hermann Níelsson | 456-0150 | 4408 | 861-3248 | hermann@misa.is |
| **18. Hildur Halldórsdóttir** | **456-7807** | **4402** | **899-0538** | **hildur@misa.is** |
| 19. Hrafnhildur Hafberg | 561-6711 | 4407 | 861-6789 | hrafnh@misa.is |
| 20. Hugljúf Ólafsdóttir | 456-5171 | | 863-1343 | hugljuf@gmail.com |
| 21. Jóhann Kristjánsson | 456-2263 | 4411 | 864-1803 | johann@misa.is |
| **22. Jón Reynir Sigurvinsson** | **456-4640** | **4401** | **896-4636** | **jon@misa.is** |
| 23. Jónas Þ. Birgisson | 456-3449 | | | jonas@lyfja.is;jonasb@misa.is |
| 24. Katrín Gunnarsdóttir | 456-7407 | 4405 | 861-5990 | katrin@misa.is |
| **Kennarastofa** | | 4406 | | |
| 25. Kristján Viggósson | 553-8915 | 4412 | 863-8315 | kristjanv@misa.is |
| 26. Margrét Skúladóttir | 456-4328 | 4412 | 899-3628 | margrets@misa.is |
| 27. Marissa Morden | 456-4064 | | 848-0512 | |
| 28. Ólöf Oddsdóttir | 456-6202 | | 845-5630 | olofb@misa.is |
| 29. Rán Höskuldsdóttir | 456-3408 | 4412 | 820-3408 | ran@misa.is |
| 30. Rúnar Arnarson | 456-7434 | 4408 | 865-6025 | rarnarson@hotmail.com |
| 31. Rúnar Helgi Haraldsson | 564-0236 | 4413 | 822-7415 | runar@misa.is |
| 32. Sigríður Ragna Jóhannsdóttir | 456-5445 | 4412 | 848-2080 | siggarj@misa.is |
| 33. Stefan Gunther | 456-4393 | 4413 | | stefan@misa.is |
| 34. Stella Hjaltadóttir | 456-6266 | 4410 | 846-6206 | stella@misa.is |
| 35. Tryggvi Sigtryggsson | 456-3981 | 4415 | 861-7302 | tryggvi@misa.is |
| 36. Þorleifur Ágústsson | 561-6711 | 4407 | 895-4774 | tolli@misa.is |
| 37. Þorsteinn G. Þorsteinsson | | 4409 | 845-0031 | steini@misa.is |
| 38. Þröstur Jóhannesson | 456-4319 | | 846-6355 | throstur@misa.is |
| Eldhús | 456-4420 | | | |

## Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði 2009-2010

| Nafn | Heimasími/vinnusími | GSM | Fax | Netfang |
|---|---|---|---|---|
| **Framkvæmdastjóri skipaður af menntamálaráðherra:** | | | | |
| Jón Reynir Sigurvinsson<br>skólameistari | 4564640/450-4400 | 896-4636 | | jon@misa.is |
| **Aðalmenn án tilnefningar:** | | | | |
| Margrét Gunnarsdóttir | 456-4418 | 864-2998 | | marjon@simnet.is |
| Kristján Haraldsson | 456-3050/456-3211 | | 456-3204 | kh@ov.is |
| **Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Fjórðungssambands Vestfirðinga:** | | | | |
| Anna Jensdóttir | 456-1389/456-1477 | 895-7189 | 456-1466 | hlura@simnet.is |
| Birna Lárusdóttir | 456-4456 | 896-3367 | | bil@snerpa.is |
| **Varmenn án tilnefningar:** | | | | |
| Elsa Arnardóttir | 450 3090 | | 450-3005 | elsa@fjolmenningarsetur.is |
| Guðlaug Elíasdóttir | | 861-8977 | | |
| Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir | | 698-3702 | | sirry@nmi.is |
| **Varamenn samkvæmt tilnefningu Fjórðungssambands Vestfirðinga:** | | | | |
| Anna S. Jörundsdóttir | 456-7281 | 893-1494 | | annasigga@vikari.is |
| Ómar Már Jónsson | 567-8809 | 893-8164 | | omarjons@sudavik.is |
| **Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs:** | | | | |
| Una Þóra Magnúsdóttir | *456-4228* | *892-0927* | | unathora@tmd.is |
| **Fulltrúi kennara:** | | | | |
| Jóhann Kristjánsson<br>Varamaður: Stella Hjaltadóttir | 456-2263 | 864-1803 | | johann@misa.is<br>stella@misa.is |
| **Fulltrúi nemendafélagsins:** | | | | |
| Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir<br>Varamaður Stefán Pálsson | 4564130 | 8666351 | | MI244844@fvi.is;<br>albertagg@hotmail.com |

# 9. Kort og teikningar

**Sóttvarnasvæðin**

Íslandi er skipt upp í átta sóttvarnaumdæmi og er sóttvarnalæknir skipaður í hverju þeirra. Í stórum sóttvarnaumdæmum eru skipaðir sóttvarnalæknar ákveðinna svæða. Sjá mynd 10.1.

**Sóttvarnalæknar umdæma og svæða**

**Höfuðborgarsvæðið**

Lúðvík Ólafsson framkvæmdastjóri heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins

Gunnar Ingi Gunnarsson, heilsugæslulæknir Árbæ, Reykjavík

**Vesturland**

Þórir Bergmundsson, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi

Friðrik Jónsson, St. Fransiskuspítalinn í Stykkishólmi

**Vestfirðir**

Fjölnir Freyr Guðmundsson, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði

**Norðurland**

Þórir V. Þórisson, Heilsugæslan Akureyri

Ásgeir Böðvarsson, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík

Héðinn Sigurðsson, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

**Austurland**

Stefán Þórarinsson, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Egilsstöðum

Björn Magnússon, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað

**Suðurland**

Óskar Reykdalsson, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi

**Vestmannaeyjar**

Karl Björnsson, Heilbrigðisstofnun Vestumannaeyja

**Suðurnes**

Sigurður Árnason, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær

Sigurjón Kristinsson, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbær



# 10.Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: http://www.*misa.is*

Innri vefur skólans  er að finna á vefsíðu skólans : http://www.*misa.is*

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum: *Z:\Aa-Skolameistari*

| Deildir innan skólans, nefnið allar og fjölda eintaka | |
|---|---|
| | |
| Skrifstofa skólameistara | 1 stk. |
| Kennarastofa | 1 stk. |
| Ritari | 1 stk. |

# 11.Breytingasaga

| Útgáfa | Dagsetning | Skýringar / breytingar | Fært inn af: |
|---|---|---|---|
| | 10/08/2009 | Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum | |
| 1.0 | 7/09/2009 | Viðbragðsáætlun skóla birt | JRS |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |